



Starfsreglur kjörstjórnar Félags framhaldsskólakennara og framkvæmd atkvæðagreiðslu um stjórnarkjör 2018

Samþykkt á fulltrúafundi Félags framhaldsskólakennara 10. nóvember 2017

Í lögum FF segir eftirfarandi um kjörstjórn:

„16. gr. Kjörstjórn

Á aðalfundi félagsins skal kjósa þriggja manna kjörstjórn og tvo til vara. Hún stýrir allsherjaratkvæðagreiðslu um stjórnarkjör og öðrum kosningum FF, sbr. 7., 8., 9. og 10. gr. laga FF, sem ekki heyra undir kjörstjórn Kennarasambands Íslands skv. 15. gr. laga þess.

Fulltrúafundur setur reglur um störf kjörstjórnar og framkvæmd atkvæðagreiðslu.“

Starfsreglur kjörstjórnar FF

1. Kjörstjórn starfar á milli aðalfunda FF og skiptir með sér verkum.
2. Kjörstjórn heldur gjörðabók sem er varðveitt á skrifstofu FF í Kennarahúsinu.
3. Stjórn FF boðar kjörstjórn og uppstillingarnefnd til sameiginlegs fundar þegar uppstillingarnefnd hefur störf til undirbúnings framboðum.
4. Stjórn FF boðar kjörstjórn til starfa þegar uppstillingarnefnd hefur skilað tillögum um framboð til trúnaðarstarfa á vegum FF.
5. Uppstillingarnefnd afhendir kjörstjórn afrit af skriflegu samþykki þeirra sem bjóða sig fram til trúnaðarstarfa á vegum FF.
6. Frambjóðandi til trúnaðarstarfa má ekki eiga sæti í kjörstjórn.
7. Skrifstofa FF sér um að kjörstjórn fái viðeigandi aðstoð og þjónustu í Kennarahúsinu vegna verkefna hennar, svo sem vegna undirbúnings atkvæðagreiðslu og fleira.
8. Kjörstjórn undirbýr og stjórnar öllum kosningum til trúnaðarstarfa á vegum FF sem kveðið er á um í lögum FF. Stjórn FF getur leitað til kjörstjórnar um að hafa umsjón með kosningum um fleiri mál en þau sem kveðið er á um í lögum FF og þau sem ekki eru á hendi kjörstjórnar KÍ.
9. Rafræn kosning telst til skriflegra kosninga. Kjörstjórn er heimilt að ákvarða að skrifleg kosning sem hún hefur umsjón með, skuli fara fram með rafrænum hætti.
10. Þegar um er að ræða skriflega kosningu sem fer ekki fram með rafrænum hætti er kjörstjórn heimilt að senda kjörgögn til trúnaðarmanna KÍ í framhaldsskólum, fela þeim að dreifa kjörgögnum til félagsfólks á vinnustaðnum, safna saman og koma þeim til skrifstofu FF.
11. Þegar um er að ræða skriflega kosningu sem fer ekki fram með rafrænum hætti eru kjörgögn geymd í læstum kjörkassa sem formaður kjörstjórnar hefur lykil að. Í slíkum tilvikum varðveitir kjörstjórn skrifleg kjörgögn í eitt á skrifstofu FF í Kennarahúsinu.

12. Kjörstjórn úrskurðar um ágreining um framkvæmd kosninga eftir að hafa fengið álit óvilhalls faglegs aðila á vegum KÍ. Kjörstjórn gerir stjórn FF skriflega grein fyrir málum af þessu tagi hverju sinni.

Framkvæmd allsherjaratkvæðagreiðslu um stjórnarkjör vegna aðalfundar FF 2018

Kjörstjórn undirbýr og stjórnar skriflegri atkvæðagreiðslu um stjórnarkjör og hefur um það samstarf við viðeigandi aðila eins og með þarf, svo sem starfsmann félagaskrár KÍ. Hin skriflega atkvæðagreiðsla skal fara fram með rafrænum hætti.

Kjörstjórn tekur saman leiðbeiningar um fyrirkomulag og framkvæmd skriflegrar kosningar og sér um að þær séu sendar sérhverjum atkvæðisbærum félaga FF og trúnaðarmönnum í framhaldsskólum í tölvupósti.

Trúnaðarmenn í framhaldsskólum eru umboðsmenn kjörstjórnar í hverjum skóla. Þeir veita aðstoð við atkvæðagreiðsluna sé þess óskað. Stjórnir félagsdeilda og trúnaðarmenn virkja félagsfólk til þátttöku í kosningum.

Samkvæmt 12. grein laga Félags framhaldsskólakennara skipa stjórn félagsins, formaður og fjórir aðalmenn, og þrír til vara. Formaður er kosinn sérstaklega en aðrir stjórnarmenn saman.

Dregið er um röð nafna á rafrænum kjörseðli.

Kjörseðill er tvískiptur, annars vegar formannskjör og hins vegar stjórnarkjör. Sé annar hlutinn ógildur, ógildir það ekki hinn hlutann.

Þegar kjósa skal formann merkir kjósandi við nafn þess frambjóðenda sem hann velur. Ef einungis einn er í framboði til formanns telst hann sjálfkjörinn, en nafn hans skal vera á kjörseðlinum án atkvæðagreiðslu. Ef tveir eða fleiri eru í framboði til formanns þá merkir kjósandi við nafn þess frambjóðenda sem hann velur. Telst sá frambjóðandi sem flest atkvæði hlýtur réttkjörinn formaður félagsins. Falli atkvæði jöfn skal hlutkesti ráða, sem kjörstjórn annast.

Kosning til stjórnarkjörs fer þannig fram að kjósandi merkir við nöfn fjögurra frambjóðenda á kjörseðlinum sem hann velur til stjórnarsetu í félaginu, hvorki fleiri nöfn né færri. Þeir fjórir frambjóðendur sem flest atkvæði hljóta eru réttkjörnir í aðalstjórn félagsins. Þeir þrír frambjóðendur sem næstir verða að atkvæðum hljóta varamannssæti í stjórninni í sömu röð og atkvæði þeirra segja til um. Falli atkvæði jöfn skal hlutkesti ráða, sem kjörstjórn annast.

Stjórnarkjóri skal ljúka eigi síðar en sex vikum fyrir aðalfund félagsins sbr. 12. gr. laga FF. Kjörstjórn kemur saman að niðurstöðum fengnum til að bóka úrslit atkvæðagreiðslu og tilkynnir viðkomandi aðilum. Kjörstjórn birtir úrslit eigi síðar en sólarhring eftir að þau liggja fyrir.

Kjörstjórn FF

Lóa S. Kristjánsdóttir, Halldís Ármannsdóttir, Kristján Kristjánsson